



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa  
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning  
23. apríl 2010

### ÚTBOÐ VERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA RIKS 21 0414

Annað útboð á verðtryggðum ríkisbréfum í flokki RIKS 21 0414 með tilboðsfyrirkomulagi fór fram hjá Seðlabanka Íslands kl. 11:00 í dag. Útboðinu var þannig háttað að bjóðendum buðust öll samþykkt tilboð á sama verði. Hæsta samþykkt ávöxtunarkrafa ákvarðaði söluverðið.

#### **Helstu niðurstöður útboðsins voru þessar:**

Alls bárust 38 gild tilboð í flokkinn að fjárhæð 13.721 m.kr. að nafnverði. Tilboðum var tekið fyrir 6.471 m.kr. að nafnverði á ávöxtunarkröfunni 3,69%.

Ennfremur býðst aðalmiðlurum að kaupa 10% af nafnverði þess sem selt var í útboðinu á söluverði samþykkt tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 27. apríl. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörsgdagur fyrir þessi viðskipti er 28. apríl 2010.